



Fundargerð

1500. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
23. janúar 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Bjarni Páll Tryggvason formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir bæjarstjóri, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana.

* * *

1. Leikskólinn Drekaðalur (2022100203)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Farið yfir stöðu framkvæmda við leikskólann Drekaðalur.

2. Fundargerð stjórnar Eignasjóðs 16. janúar 2025 (2025010010)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

3. Almenningsamgöngur (2019090564)

Margrét Lilja Margeirsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála mætti á fundinn.

Lagt fram uppfært minnisblað sem tekið var fyrir á síðasta fundi bæjarráðs.

Bæjarráð felur Guðlaugi H. Sigurjónssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og Margréti Lilju Margeirsdóttur verkefnastjóra skipulagsmála að vinna áfram í málinu í samræmi við efnisatriði minnisblaðs.

4. 30 ára afmæli Reykjaneshæjar - lokaskýrsla (2024010135)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, mætti á fundinn.

Kynnt lokaskýrsla um viðburði sem í boði voru á 30 ára afmæli Reykjaneshæjar.

Bæjarráð þakkar afmælisnefndinni fyrir vel unnin störf og greinargóða lokaskýrslu.

5. Þjónusta sveitarfélaga 2024 - niðurstöður könnunar (2025010324)

Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Kynnt niðurstaða þjónustukönnunar Gallup sem framkvæmd var frá 22. nóvember 2024 til 6. janúar 2025 um þjónustu sveitarfélaga 2024.

6. Húsnæði Keilis – Grænásbraut 910 (2023030333)

Regína Fanný Guðmundsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, mætti á fundinn.

Lagður fram undirritaður kaupsamningur ásamt fylgigögnum.

7. Stapagata 20 - erindi vegna lóðar (2025010337)

Lagt fram erindi frá eigendum lóðar Stapagötu 20.

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.

8. Reykjanesbær f.h. Samsuðs - umsókn um tækifærisleyfi (2025010208)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Umsagnarmál í samráðsgátt (2025010342)

Endurskoðun á lögum um rammaáætlun.

<https://island.is/samradsgatt/mal/3874>

Drög að frumvarpi um einföldun og skilvirkari leyfisveitingar.

<https://island.is/samradsgatt/mal/3871>

Umsagnarmál lögð fram

Bæjarráð tekur undir umsagnir orkusveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.